

Framtíðarsýn og áherslur í skólastarfi 2022-2026



Vinna við gerð framtíðarsýnar og áherslna í skólastarfi hefur staðið yfir frá árinu 2020 en fræðsluráð skipaði starfshóp til að vinna að henni í febrúar það ár. Vinnan gekk vel en vinnufundir voru haldnir með öllum hagsmunaaðilum á leik- og grunnskólastigi, þ.e. fulltrúum sveitarfélags, kennurum og leiðbeinendum, nemendum og foreldrum. Jafnframt var rafræn kosning um gildi sem leggja grunninn að framtíðarsýninni og eru leiðarljós í gerð aðgerðaáætlaða sem skólarnir vinna við upphaf hvers skólaárs á meðan framtíðarsýnin er í gildi. Starfshópurinn vann úr gögnum og setti fram drög að framtíðarsýn og áherslum í skólastarfi sem borin voru undir alla hluteigandi aðila. Lokaeintakið er nú tilbúið með framtíðarsýn, markmiðum, áherslupáttum og gildum.

Á meðfylgjandi segli má sjá framtíðarsýnina, áherslureinar, yfirmarkmið og gildi en hægt er að kynna sér framtíðarsýn og áherslur frekar á heimasíðum leikskólanna, grunnskólans og Vestmannaeyjabæjar.

YFIRLÝSING

Undirritaðir fulltrúar allra hagsmunaaðila að framtíðarsýn gera með sér samkomulag um að vinna ötullega að því að framtíðarsýn, áherslur og gildi séu höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólanna í góðu samstarfi við foreldra og nemendur.

F.h. Vestmannaeyjabæjar

F.h. Grunnskóla Vestmannaeyja

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri

Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri

F.h. Kirkjugerðis

F.h. Sóla

Eyja Brynneirsdóttir, skólastjóri

Helga Björk Ólafsdóttir, skólastjóri

F.h. foreldrafélaga leik- og grunnskóla

F.h. nemenda

Helena Björk Þorsteinsdóttir, stjórnarmaður
foreldrafélags GRV

Ásta Hrönn Elvarsdóttir, formaður
nemendaráðs GRV